

## 2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann .....	600
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá .....	400
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4) .....	750

## 3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 ..... 13 000  
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans .....	6 000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans .....	22 000
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans .....	44 000

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 461, 17. desember 1985.

*Íðnaðarráðuneytið, 17. desember 1986.*

**Albert Guðmundsson**

Páll Flygenring

## AUGLÝSING

**um breyting á reglum nr. 72 7. febrúar 1986, um eftirgjöf gjalda af fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt.**

## 1. gr.

5. mgr. 1. gr. reglnanna orðist svo:

Heimildin skal jafnframt taka til búra, hreiðurkassa, flórrenna og hluta og efnivara í þau, enda séu hlutar þessir og efnivörur sérstaklega gerðar til nota við framleiðslu á loðdýrabúrum, hreiðurkössum og flórrennum.

## 2. gr.

6. gr. reglnanna orðist svo:

Aðilar sem óska eftir endurgreiðslu gjalda samkvæmt niðurlagi 5. gr. skulu senda fjármálaráðuneytinu skriflegt erindi, undirritað af forsvarsmanni loðdýrabúsins.

Erindinu skal fylgja úttekt byggingarfulltrúa, er greini stærð og gerð húsa, lengd búra og girðinga og fjölda hreiðurkassa. Úttekt byggingarfulltrúa skal staðfest af Byggingastofnun landbúnaðarins. Einnig skal afrit af leyfi landbúnaðarráðuneytisins, til stofnunar loðdýrabús, liggja fyrir.

Teljst framlögð gögn fullnægjandi mun fjármálaráðuneytið endurgreiða áætluð gjöld, miðað við heimilaða bústærð, þ.m.t. toll, sérstakt tímabundið vörugjald og tollafgreiðslugjald og söluskatt af neðangreindu, sem hér segir:

a. Aðstöðurými og skinnaverkun	1 582 kr/m <sup>2</sup>
b. Hús fyrir dýr:	
1. Úr timbri	567 kr/m <sup>2</sup>
2. Úr stáli	672 kr/m <sup>2</sup>
c. Haughús	247 kr/m <sup>2</sup>
d. Girðingar	277 kr/m <sup>2</sup>
e. Upphengjur fyrir refabúr	356 kr/stk.
f. Hreiðurkassar:	
1. Fyrir refi	264 kr/stk.
2. Fyrir mink (sex hólfa eining, innlend)	521 kr/stk.

Fjárhæðir þessar eru grunnfjárhæðir miðaðar við byggingarvísitölu 285 stig 1. desember 1986 og skulu breytast í réttu hlutfalli við þá hækkun eða lækkun sem verða kann á henni, efniskaup séu hér hundraðshluti af sbr. lög nr. 93/1975. Endurgreiðslufjárhæðirnar skulu reiknaðar út miðað við þá byggingarvísitölu sem er í gildi við dagsetningu endurgreiðslubeiðnar.

Breytingar á húsum, stækkun og annað, sem talist getur til stofnframkvæmda, er endurgreiðsluhæft. Sömu reglur gilda um það og fram koma í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar. Af byggingarefni sem notað hefur verið til slíkra stofnframkvæmda mun ráðuneytið hins vegar endurgreiða gjöld eftir mati Byggingarstofnunar landbúnaðarins á því hversu efniskaup séu hár hundraðshluti af efniskaupum vegna nýrra húsa sömu stærðar og gerðar. Skal það mat fylgja endurgreiðslubeiðni.

Ekki verða endurgreidd gjöld af skrifstofubyggingum, vélaverkstæðisbyggingum, starfsmannabústöðum, mötuneytishúsnæði eða þess háttar eða búnaði tilheyrandi þessum mannvirkjum. Séu slíkar byggingar sambyggðar dýrahúsunum lækkar endurgreiðslan hlutfallslega miðað við byggingarkostnað þeirra.

### 3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lið 3.11 og 3.27 í 6. gr. fjárlaga nr. 121/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 22. desember 1986.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*